

Kristinn Arnarson
Hólagata 45
260 Reykjanesbær

Reykjavík, 13. maí 2024
UST202404-183/P.V.B.
09.04.00

Efni: Leyfi til framkvæmda á friðlýstum svæðum

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Kristins Arnarsonar, dagsett 16. apríl 2024, um leyfi til framkvæmda innan Hornstranda.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. [auglýsing nr. 332/1985](#). Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til að skipta út rotþró við Neshús á Látrum. Stefnt er að því að setja nýja 2300 lítra rotþró á sama stað og eldri rotþró. Ef ekki reynist unnt að fjarlægja eldri roþró verður nýja rotþróin sett niður við hlið hennar. Myndir og kort sem sýna staðsetningu núverandi rotþró fylgdi með umsókn. Stefnt er að því að fara í framkvæmdina 17.-20. maí 2024 og kæmu 4 aðilar að verkinu á mínigröfu. Grafan er nú þegar staðsett á svæðinu vegna eldra verkefnis en hún verður flutt út af svæðinu að verki loknu.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á verndargildi og náttúrufar svæðisins til lengri tíma litið. Umhverfisstofnun telur jákvætt að verið sé að skipta út eldri rotþró á svæðinu og að framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á svæðið sé vandað til við frágang. Á þeim tíma sem framkvæmdin færi fram eru fáir gestir á svæðinu aðrir en heimamenn. Framkvæmdin er því ekki talin hafa truflandi áhrif á gesti.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Kristini Arnarsyni fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum innan Hornstranda sbr. lýsingu hér að ofan 17.-20. maí 2024 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.

- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Nýta skal gróðurþekjuna sem fyrir var á svæðinu til að loka sárinu.
- Einungis skal aka göfunu að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Kristín Ósk Jónasdóttir
sérfræðingur